



Fréttatilkynning
frá
skrifstofu forseta Íslands

LAGNAFÉLAG ÍSLANDS ÞRJÁTÍU ÁRA: VERÐLAUNAAFHENDING Á BESSASTÖÐUM

Í dag, mánudaginn 22. maí 2017, verða Lagnaverðlaunin afhent á Bessastöðum. Lagnaverðlaunin hafa ekki verið afhent á Bessastöðum til þessa en nú er sérstakt tilefni þar sem Lagnafélag Íslands, sem stendur að verðlaununum, fagnar um þessar mundir þrjátíu ára afmæli sínu.

Markmiðið með þessari heiðursviðurkenningu fyrir „lofsvert lagnaverk“ er ekki síst að hvetja fagmenn til dáða og efla kunnáttu og vandvirkni lagnamanna með því að benda á það sem vel er gert.

Markmið Lagnafélags Íslands (lafi.is) er að stuðla að þróun í lagnatækni í hönnun og verktækni og gagnkvæmum skilningi milli þeirra stétta, sem að lagnamálum vinna en þar er átt við hönnuði, pípulagningamenn, blikksmiði, rafvirkja, seljendur lagnaefna og aðra áhugamenn á þessu sviði.

Athöfnin hefst klukkan 16:00 og er fulltrúum fjölmiðla boðið að sækja hana ef þeir óska.

22. maí 2017

Nánari upplýsingar veita skrifstofa forseta Íslands (540 4400), Örnólfur Thorsson forsetaritari (896 3028) og Árni Sigurjónsson skrifstofustjóri (820 4946).